



SÉRLÖG RÓTARÝKLÚBBS REYKJAVÍK - GRAFARVOGUR

1. grein Skilgreiningar

- a) Stjórn: Stjórn klúbbsins
- b) Stjórnarmaður: Stjórnarmaður í klúbbum
- c) Félagi: Félagi annar en heiðursfélagi í klúbbum
- d) RI: Rotary International
- e) Ár: 12 mánaða tímabil sem hefst 1. júlí
- f) Fráfarandi forseti: Fyrirverandi forseti sem síðast lét af störfum

2. grein Stjórn

Stjórn klúbbsins skipa 7 félagar, þ.e. forseti, fráfarandi forseti, verðandi forseti (eða tilnefndur forseti ef verðandi hefur ekki verið valinn), varaforseti, ritari, gjaldkeri og stallari.

3. grein Stjórnarkjör, stjórnarskipti

1. Forseti klúbbsins skal á klúbbsfundum mánuði fyrir kjörfund leita eftir tilnefningum félaga um stjórnarmenn, þ.e. forseta, varaforseta, ritara, gjaldkera og stallara. Tilnefningar geta komið hvort sem er frá uppstillingarnefnd og/eða almennum félögum samkvæmt ákvörðun klúbbsins. Hver félagi má tilnefna einn félagi í hvert embætti. Ef ákvörðun er tekin um að skipa uppstillingarnefnd þá skal hún valin samkvæmt nánari ákvörðun klúbbsins. Tilnefningar er berast skulu skráðar á kjörseðil í stafrófsröð fyrir hvert embætti fyrir sig. *Kosning skal fara fram á kjörfundi sem haldin er á þriðja fundi í nóvembermánuði.* Þeir frambjóðendur í embætti forseta, varaforseta, ritara, gjaldkera og stallara er flest atkvæði fá skulu lýstir kjörnir í viðkomandi embætti. Sá félagi sem þannig er kjörinn forseti nefnist tilnefndur forseti. Tilnefndur forseti fær starfsheitið verðandi forseti 1. júlí ári áður en hann tekur við sem forseti og skal starfa sem meðstjórnandi (verðandi forseti) á því ári sem hefst 1. júlí eftir kjör hans. Hann tekur síðan við sem forseti 1. júlí þar á eftir.
2. Stjórnarmenn sem kosnir eru skv. lið 1. eru kjörnir til eins árs og mynda stjórn klúbbsins.
3. Forfallist stjórnarmaður skulu aðrir stjórnarmenn velja eftirmann/menn.
4. Forfallist verðandi stjórnarmaður skulu aðrir verðandi stjórnarmenn velja eftirmann/menn.
5. Á sama fundi og stjórnarkjör fer fram skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga.
6. *Á síðasta klúbbsfundum júnímánaðar flytur forseti skýrslu fráfarandi stjórnar.* Gjaldkeri kynnir ársreikning (rekstrar- og efnahagsreikning) starfsársins sem er að liða og skal hann vera yfirfarinn og áritaður af stjórn klúbbsins og af 2 skoðunarmönnum reikninga. Ársreikning skal bera upp fyrir fundinn til samþykktar. Eintak af árskýrslu og ársreikningi skal varðveita í skjalasafni klúbbsins. Í ársreikning skal bókfæra áætlaðan kosnað við síðasta fund júnímánaðar svo hægt sé að loka bókhaldinu tímanlega. Fráfarandi gjaldkeri skal afhenda verðandi gjaldkera nýtt prókúruumboð ásamt bókhald starfsársins sem er að liða.
7. *Ný stjórn tekur við á fyrsta klúbbsfundum (klúbbsþingi) í júlímánuði.* Á þeim fundi gerir forseti grein fyrir helstu áherslum stjórnarinnar á komandi starfsári. Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun starfsársins, tillögu að félagsgjöldum og leggur fyrir fundinn til samþykktar. Gjöld klúbbsins á starfsárinu meiga ekki fara fram úr samþykktari fjárhagsáætlun, nema samþykki klúbbsfundar komi til.

4. grein Skyldur stjórnarmanna

1. *Forseti.* Forseti stýrir klúbbs- og stjórnarfundum. Hann er málsvari klúbbsins út á við og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti forseta.
2. *Fráfarandi forseti.* Fráfarandi forseti situr í stjórn klúbbsins og sinnir þeim störfum sem forseti eða stjórnin fela honum. Verkefni hans í stjórninni er að miðla af reynslu sinni frá starfsári sínu sem forseti.
3. *Verðandi forseti.* Verðandi forseti situr í stjórn klúbbsins og sinnir þeim störfum sem forseti eða stjórnin fela honum. Verðandi forseti hefur það verkefni frá því hann er kosin í embætti að hefja undirbúning að starfsári

sínu sem forseti, að höfðu samráði við verðandi stjórnarmenn, sem kjörnir eru til setu í stjórn með honum. Verðandi forseta er skilt að sækja fræðslumót verðandi forseta sem Rótarýumdæmið heldur ár hvert.

4. *Varaforseti.* Varaforseti stýrir klúbb- og stjórnarfundum í fjarveru forseta og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti varaforseta.
5. *Ritari.* Ritari annast allar bréfaskriftir. Heldur félagaskrá uppfærðri á vef Rótarýumdæmisins og RI, skráir mætingar rótarýfélaga á fundum klúbbsins á vef Rótarýumdæmisins, fylgist með þeim og staðfestir mætingu erlendra rótarýfélaga. Sendir út rafræn fundarboð í fundarskráningarkerfi Rótarýumdæmisins og tilkynningar frá stjórn og nefndum klúbbsins og varðveitir fundargerðir klúbb-, stjórnar- og nefndarfundu og færir inn á vef Rótarýumdæmisins. Ritari aðstoðar og leiðbeinir formönnum nefnda við skráningu funda og mætingar á þeim. Útbýr og undirritar ásamt forseta og sendir til RI í Zurich umbeðnar skýrslur, þar á meðal misserisskýrslu 1. janúar og 1. júlí ár hvert ásamt árgjöldum félaga og hlutfallslegum árgjöldum félaga sem teknir hafa verið í klúbbinn eftir 1. janúar eða 1. júlí og skýrslur um breytingar á félagaskrá. Hann skal og koma misserisskýrslum til gjaldkera til greiðslu og innheimta og greiða áskriftargjald fyrir viðurkennt Rótarý tímarit og sinna öðrum skyldum sem venjulega fylgja embætti ritara. Ritari uppfærir á vef Rótarýumdæmisins upplýsingar um breytingar á fundarstað og fundartíma. Verðandi ritara er skilt að sækja fræðslumót verðandi ritara sem Rótrýumdæmið heldur ár hvert.
6. *Gjaldkeri.* Gjaldkeri gerir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið, innheimtir félagsgjöld og sér um fjárreiður klúbbsins. Forseti ásamt einum stjórnarmanni skulu árita reikninga áður en að greiðslu kemur. Í lok starfsárs annast gjaldkeri gerð ársreiknings, sbr. 3. og 12. grein. Gjaldkeri gerir bráðabyrgðayfirlit um hag klúbbsins hvenær sem þess er óskað af stjórn klúbbsins. Reikningsárið er 1. júlí til 30. júní. Gjaldkeri ber ábyrgð á öllum sjóðum klúbbsins og gerir grein fyrir þeim árlega svo og hvenær sem stjórn óskar eftir. Þá skal hann sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti gjaldkera. Við starfslok skal gjaldkeri afhenda viðtakandi gjaldkera eða viðtakandi forseta alla sjóði klúbbsins, sjóðsbækur eða aðrar eigur klúbbsins
7. *Stallari.* Stallari sér um að vel sé búið að félögum á fundum og tekur á móti gestum. Hann fylgist með og kemur á framfæri kvörtunum og kröfum um úrbætur, ef ástæða þykir til. Stallari annast geymslu og varðveistu eigna klúbbsins og skjalasafns. Að öðru leiti gegnir hann skyldum sem venjulega fylgja embætti stillara og þeim öðrum verkefnum sem forseti eða stjórn mæla fyrir um.

5. grein Fundir

1. Kjörfundur skal haldinn árlega á þriðja klúbbfundi í nóvembermánuði og á honum skal kjósa stjórnarmenn næsta starfsárs.
2. Reglulega fundi klúbbsins skal halda á hverjum miðvikudegi kl. 18:15 – 19:30. Tilkynna skal klúbbfélögum í tæka tíð breytingar á fundartíma eða að fundur falli niður í fundarskráningarkerfi Rótarýumdæmisins. Halda skal skrá yfir mætingar eða fjarveru klúbbfélaga annarra en heiðursfélaga (eða félaga án mætingarskyldu skv. grundvallarlögum rótarýklúbba) á klúbbfundum í fundarskráningarkerfi Rótarýumdæmisins. Það telst mæting ef klúbbfélagi er viðstaddur 60% af fundartíma klúbbsins eða annars rótarýklúbbs eða eins og kveðið er á um í grein 9, lið 1 og 2 í grundvallarlögum rótarýklúbba.
3. Allir klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum þegar a.m.k. þriðjungur félaga eru á fundi. Meirihluti athvæða ræður í öllum málum, nema annað sé ákveðið í lögum klúbbsins
4. Stjórnarfundur skal halda mánaðarlega. Auk þess skal halda stjórnarfundur ef forseti ákveður eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess.
5. Stjórnarfundur eru ályktunarfærir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr, ef athvæði eru jöfn.

6. grein Félagsgjöld

1. Ný stjórn gerir grein fyrir félagsgjöldum komandi starfsárs um leið og hún leggur fram fjárhagsáætlun á klúbbþingi í upphafi starfsárs. Árgjald fyrir áskrift að viðurkenndu Rótarýtímariti skal innifalín í árgjaldi.
2. Árleg framlög til Rótarýsjóðsins (Rótarý Foundation) eru, annars vegar hluti félagsgjalda í samræmi við fjárhagsáætlun og hins vegar frjáls framlög klúbbfélaga og annarra velunnara. Enn fremur má hvetja til aukinna framlaga til sjóðsins með heillakveðjum, minningargjöfum og öðrum aðgerðum.

7. grein Framkvæmd kosninga

Atkvæðagreiðslur um málefni klúbbsinu skulu fara fram með handauppréttingu nema kosning stjórnarmanna sem skal vera skrifleg. Stjórn getur ákveðið að atkvæðagreiðslur um ákveðin mál verði skriflegar.

8. grein Þjónustuleiðirnar

Þjónustuleiðirnar marka hugsjónalega og verklega umgjörð um starfsemi klúbbsins. Þær eru klúbbsþjónustan, starfsgreinþjónustan, samfélagsþjónustan, alþjóðþjónustan og ungmennþjónustan. Klúbburinn skal taka mið af öllum þessum þjónustuleiðum í starfi sínu.

9. grein Nefndir

Klúbbnefndum er ætlað að vinna að því að uppfylla markmið klúbbsins til bæði lengri og skemmri tíma litið. Verðandi forseti, forseti og fráfarandi forseti skulu vinna saman til að tryggja samfellu í stjórnun klúbbsins og áætlanagerð. Þegar mögulegt er skulu nefndarmenn skipaðir til þriggja ára til að tryggja samfellu. Verðandi forseti skal velja félagi í nefndir í stað þeirra er hætta, skipa nefndarformenn og stjórna fundum fyrir upphaf starfsársins til að skipuleggja starfið. Mælt er með að nefndarformaður hafi áður setið í viðkomandi nefnd. Fastanefndir skulu vera:

- Alþjóðamálanefnd: Ungmennþjónusta og Rótarysjóðurinn
Nefndin skal annast um að veitt verði fræðsla um alþjóðamál og á hvern hátt og einstakir félagar geti best stuðlað að og eflt velvild og annast um að veitt sé fræðsla um viðhorf erlendra gesta og til samráði við stjórn, skipar undirnefndir til að framfylgja markmiðum sínum.
Rótary félagsskngagnhvæm an skil
Rótary til alþjóð
starfshópa á ve
Nefndardt
- Klúbbsþjónustunefnd
Nefndin ber ábyrgð á klúbbsþjónustustörfum og skal samræma störf þeirra að fjalla um einstaka þætti klúbbsþjónustu. Hlutverk við og út á við að vissu marki, virkja heilbrigðum félagsanda. Nefndin markmiðum sínum.
nefnda sem skip
nefndarinnar er
félaga til átaka
rámsráði við stjórn, s
- Starfsþjónustunefnd
Nefndin skal annast um að klúbbsfélagar veiti við og við fræðslu um fá skilið vandamál og starfsaðstöðu hvers annars svo í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Nefndin frá störfum sínum og nefndir til að fjalla um einstaka þætti starfsþjónustu eftir því sem stjórnin undirnefndir til að framfylgja markmiðum sínum.
þjónustuleitverk í sam félag
telur ástæðu til
- Þjóðmálanefnd
Nefndin skal sjá um og annast að helstu mál bæjarfélagsins verði jafnan kynnt félögum á fundum og best lagt þessum málum lið. Nefndin í samráði við stjórn, skipar undirnefndir til að framfylgja markmiðum sínum.
(hverfissam féla
leiðbeina þeim
Um hverfissam ál
- Skemmtinefnd
Nefndin annast undirbúning árhátíðar og annarra hátíðarfunda svo sem fyrir afkomendur félaga og þorablót. Einnig undirbúning heimsóknir annarra klúbba.
jö lafundar, sérs
vörstakravitíðarfunda s
- Félagavalsnefnd
Nefndin skal vinna að fjölgun félaga og að halda þeim í klúbbum. Nefndin skal og gera tillögur til stjórnar að nýjum félögum.

Heimilt er að skipa nefndir um sérstök verkefni eftir þörfum.

- a) Forseti klúbbsins er í krafti embættis síns sjálfskipaður í allar nefndir klúbbsins með full réttindi nefndarmanns.
- b) Hver nefnd skal sinna verkefnum í samræmi við ákvæði þessara sérlaga auk þeirra verkefna sem þeim eru falin af forseta eða stjórn. Hafi nefnd ekki sérstaka heimild skal hún ekki setja verkefni í framkvæmd nema hafa áður kynnt verkefnið fyrir stjórn og fengið heimild hennar.
- c) Nefndarformaður er ábyrgur fyrir starfi nefndarinnar og að haldnir séu fundir reglulega, hann fylgist með og stýrir nefndarstarfinu og upplýsir stjórn um starfið.

10. grein Skyldur nefnda

Forseti skal yfirfara og endurskoða skyldur allra nefnda fyrir hans starfsár og styðjast við viðeigandi skilgreiningar frá RI og þjónustuleiðirnar.

Hverri nefnd skal í upphafi árs markaður ákveðinn starfsrammi þar sem tilgreind eru markmið og starfsáætlun til að vinna að á árinu. Verðandi forseti skal setja það á oddinn að útbúa markmið og starfsáætlanir fyrir nefndir klúbbsins og kynna stjórn fyrir upphaf ársins.

11. grein Undanþága frá fundarsókn

Stjórn er heimilt að veita félaga undanþágu frá fundarsókn í mest tólf mánuði hafi hann óskað eftir því skriflega með rökstuðningi er stjórnin metur gildan. Slíkri heimild um undanþágu frá fundarsókn er ætlað að koma í veg fyrir úrsögn úr klúbbum; henni er ekki ætlað að bæta upp mætingarhlutfall klúbbsins. Félagi með slíka undanþágu telst fjarverandi á klúbbfundi nema hann mæti á fund annars klúbbs eða að heimild sé gefin til fjarveru samkvæmt ákvæðum grundvallarlaga Rótarý.

12. grein Fjármál

1. Stjórn skal fyrir upphaf hvers fjárhagsárs gera fjárhagsáætlun, þ.e. áætlun um tekjur og gjöld. Útgjöldum ber að halda innan ramma áætlunarinnar nema stjórn fjalli um og ákveði annað. Fjárhagsáætlun skal sundurliðuð þannig að hún sýni annarsvegar útgjöld vegna venjulegrar starfsemi klúbbsins og hins vegar útgjöld vegna þjónustuverkefna.
2. Gjaldkeri skal varðveita fé klúbbsins á bankareikningi samkvæmt ákvörðun stjórnar. Fénu skal skipt í tvo sjóði, þ.e. rekstrarsjóð og sjóð vegna þjónustuverkefna.
3. Gjaldkeri skal sjá um greiðslu reikninga og skal forseti ásamt einum stjórnarmanni samþykka þá með áritun sinni á mánaðarlegum stjórnarfundum.
4. 2 skoðunarmenn með sérþekkingu skulu endurskoða ársreikning klúbbsins.
5. Stjórnarmenn sem bera ábyrgð á sjóðum klúbbsins skulu leggja fram ábyrgðartryggingu fyrir öruggri vörslu sjóðanna eins og krafist er af stjórn klúbbsins. Tryggingariðgjald skal greitt af klúbbum.
6. Fjárhagsár klúbbsins er frá 1. júlí til 30. júní. *Árgjöld skal innheimta mánaðarlega.* Greiðsla árgjalda til RI, umdæmisgjalda til Rótarýumdæmisins og áskriftargjald vegna Rótarýtímarits skal greiða 1. júlí og 1. janúar ár hvert miðað við fjölda klúbbfélaga á þeim tíma.
7. Á síðasta klúbbfundi júnímánaðar, sem er stjórnarskiptafundur, skal gjaldkeri kynna ársreikning (rekstrar- og efnahagsreikning) starfsársins sem er að líða og skal hann vera yfirfarinn og áritaður af stjórn klúbbsins og af 2 skoðunarmönnum reikninga. Ársreikning skal bera upp fyrir fundinn til samþykktar. Eintak af ársreikningi skal varðveita í skjalasafni klúbbsins.

13. grein Val nýrra félaga

1. Félagar í klúbbum geta komið tillögu um nýjan félag skriflega til stjórnar og tekur ritari við henni fyrir hönd stjórnarinnar. Aðrir rótarýklúbbar geta borið fram tillögu um að félagar eða fyrrverandi félagar í þeirra klúbbi verði gerðir að félögum í klúbbum. Tillögur um nýja félag eru trúnaðarmál svo lengi sem kveðið er á um í lögum þessum.
2. Stjórn klúbbsins gengur úr skugga um að sá er gerð er tillaga um uppfylli kröfur sem gerðar eru til nýrra félaga í grundvallarlögum rótarýklúbba.
3. Stjórn klúbbsins samþykkir eða synjar tillögunni innan 30 daga frá því hún kemur fram og lætur ritari þann sem tillögunna bar fram vita af niðurstöðunni.
4. Samþykki stjórn klúbbsins tillögu um nýjan félag þá skal viðkomandi fræddur um markmið Rótarý og um réttindi og skyldur rótarýfélaga. Þá er viðkomandi beðinn um að undirrita inntökublað og að heimila að nafn hans/hennar ásamt starfsgrein verði kynnt félögum í klúbbum. Hafi einhver klúbbfélagi andmæli skulu þau tilkynnt forseta klúbbsins eigi síðar en næsta dag. Samskipti þessi skulu vera trúnaðarmál klúbbfélaga og forseta. Forseti skal í kjölfarið tilkynna félagavalsnefnd um andmælin.
5. Hafi stjórn klúbbsins ekki borist skrifleg rökstudd andmæli frá félögum í klúbbum (öðrum en heiðursfélögum) við inntöku viðkomandi innan sjö daga frá því tillagan var kynnt telst hann/hún rétt kjörinn félagi í klúbbum.
Hafi stjórnin fengið andmæli við framkomna tillögu um nýjan félag skulu greidd atkvæði um hana á næsta stjórnarfund. Ef tillagan er samþykkt þrátt fyrir fram komin andmæli þá telst viðkomandi rétt kjörinn félagi í klúbbum þegar inntökugjald hefur verið greitt.

6. Í framhaldi af kjörinu sér forseti um inntöku hins nýja félaga og að honum sé afhent barmmerki Rotary International og fræðsluefni um Rótary fyrir nýja félaga. Forseti eða ritari skulu tilkynna RI inngöngu hins nýja félaga. Forseti skal einnig tilnefna klúbbfélaga til að aðstoða hinn nýja félaga við að aðlagast klúbbstarfinu og jafnframt fela honum verkefni er tengist starfi klúbbsins.
7. Klúbburinn getur samkvæmt tillögu stjórnar valið heiðursfélaga í samræmi við grundvallarlög rötaryklúbba.

14. grein Tillögur

Málefni eða tillögur sem fela í sér skuldbindingu fyrir klúbbinn skulu ekki bornar upp á fundi fyrr en stjórn klúbbsins hefur fjallað um þær. Komi slík mál fyrir fund án vitundar stjórnar skal þeim umræðulaust vísað til hennar.

15. grein Dagskrá funda

Fundarsetning
Kynning gesta
Upplýsingar um bréfaskipti, tilkynningar og rötarymálefni.
Skýrslur nefnda ef einhverjar eru
Ólokin mál
Ný mál
Fundarefni
Fundarslit

16. grein Lagabreytingar

1. Lögum þessum má breyta á hvaða reglulegum klúbbfundi sem er, sé meirihluti félaga viðstaddur og með atkvæðum 2/3 hluta viðstaddra, að því tilskyldu að tillögur um lagabreytingar hafi verið sendar klúbbfélögum minnst tíu dögum fyrir fundinn. Breytingar á lögnum skulu vera í samræmi við grundvallarlög rötaryklúbba og grundvallar- og sérlög RI.
2. Sérlög þessi eru byggð á gildandi “Grundvallarlögum rötaryklúbba” og öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri lög klúbbsins sem samþykkt voru í júní 2001. Nú verða gerðar breytingar á “Grundvallarlögum rötaryklúbba” og er þá stjórn klúbbsins heimilt að gera þær breytingar á sérlögum þessum sem leiða af þeim. Stjórnin kynnir breytingarnar á klúbbfundi.

Þessi sérlög Rötaryklúbbs Reykjavík-Grafarvogur eru þannig samþykkt á klúbbfundi þann 12. desember 2012.

Kjartan Eggertsson, forseti (sign)

Þröstur Magnússon, verðandi forseti (sign)

Þórunn Kristjánsdóttir, ritari (sign)